



Sveitarstjórnarfundur 30. desember 2023

Laugardaginn 30. desember 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 17. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 11:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 26

Dagskrá 17. fundar:

1. Fundargerð 16. sveitarstjórnarfundar 29.10.2023
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Fjárhagsáætlun 2024 – Fyrri umræða
5. Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025 – 2027
6. Hækkun útsvarsálagningar
7. Umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar – Seinni umræða
8. Íbúafundur Kaldrananeshrepps 22.11.2023
9. Aðal- og deiliskipulag í landi Hveravíkur
10. Eftirlitsskýrsla um móttöku og meðhöndlun úrgangs í Drangneshöfn
11. Fulltrúar Kaldrananeshrepps í landshlutanefnd um málefni Stranda
12. Úttekt á brunaviðvörðunarkerfi Grunnskóla Drangness
13. Frístundastyrkur vegna frístunda barna
14. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023-2024
15. Styrktarbeiðni Bryggjuhátiðar á Drangnesi 2024
16. Viðhald Sundlaugarinnar á Drangnesi
17. Erindi BsVest
18. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í stýrihóp barnamenningarhátíðarinnar Púkinn 2024
19. Beiðni Svæðisskipulagsnefndar Vestfirðinga um framlag vegna svæðisskipulagsgerðar
20. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu
21. Stafræn húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2024
22. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
23. Styrktarbeiðni Sjálfstrausts.is
24. Beiðni Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2024
25. Styrktarbeiðni Fjölskylduhjálpar Íslands
26. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Fundargerð:

1. Fundargerð 16. sveitarstjórnarfundar 29.10.2023.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

a. Fundargerð Fræðslunefndar, 27.11.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrar fundargerðir

a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 936. fundur stjórnar, 27.10.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 937. fundur stjórnar, 12.11.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 938. fundur stjórnar, 24.11.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 939. fundur stjórnar, 05.12.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 940. fundur stjórnar, 15.12.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

f. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða, 20.11.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

g. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða, 27.11.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

h. Fyrsti fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 13.09.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

i. 145. fundur Heilbrigðisnefndar, 14.12.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

j. Annar fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 07.10.2023.

Óskað er eftir því að aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða staðfesti tillögu að starfsreglum nefndarinnar.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð og tillögu að starfsreglum.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2024 – Fyrri umræða

Umræða tekin um tekjustofna 2024 ásamt gjaldskrá og frestað til næsta fundar.

5. Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025 – 2027 – Fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027 rædd. Oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun.

Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027 vísað til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.

6. Hækkun útsvarsálagningar

Fyrir liggur fyrir samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023 varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Tillaga að tekjustofnum 2023

- i. Útsvar: 14,97% af útsvarsstofni eða hámarks útsvarsálagning sem heimilt er samkvæmt lögum.
- ii. Fasteignaskattur.
 - a. Íbúðarhús og útihús í sveitum: 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.
 - b. Opinberar byggingar: 1,32% af fasteignamati húss og lóðar .
 - c. Aðrar fasteignir: 1,4% af fasteignamati húss og lóðar.
Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Kaldrananeshreppi njóta 75% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir 4.500.000 kr.- hjá einstaklingi og 6.400.000 kr.- hjá hjónum samkvæmt nýjasta skattframtali. Þar með talið eignir og fjármagnstekjur.
Gjalddagar fasteignagjalda verði 5. þ.e.: 1. feb, 1. apr, 1. júní, 1. ágúst og 1. október.
 - d. Lóðarleiga í Drangneslandi: Lóðarleiga verði 1,3% af fasteignamati lóðar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar – Seinni umræða

Fyrir liggur umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markmiðinu var sveitarfélögum með færri 250 íbúa falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila til umsagnar Innviðaráðuneytisins álit um stöðu sveitarfélagsins. Umsögn ráðuneytisins liggur nú fyrir.

Sveitarstjórn ákvað að halda íbúafund 22.11.2023 klukkan 19.00 í Samkomuhúsinu Baldri, til að leita álags íbúa á umsögn ráðuneytisins. Á fjölmönnum fundi kom í ljós að ekki er vilji til þess að hefja formlegar sameiningarviðræður að sinni.

Sveitarstjórn ákveður því að hefja ekki formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög en mun fylgjast með gangi mála varðandi helstu sameiningarkosti.

Þjónustufulltrúa falið að senda Innviðaráðuneytinu erindi þess efnis.
Borið upp og samþykkt.

8. Íbúafundur í Kaldrananeshreppi 22.11.2023

Haldinn var íbúafundur í Kaldrananeshreppi, miðvikudaginn 22. nóvember síðast liðinn í samkomuhúsinu Baldri. Til umfjöllunar var meðal annars umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins og sorphirðumál í Kaldrananeshreppi.

Markmið fundarins var að leita álits íbúa á umfjöllunarefnum og liggja nú fyrir punktar af fundinum.

Punktar lagðir fram til kynningar.
Sveitarstjórn vill þakka fyrir góðan fund.

9. Aðal- og deiliskipulag í landi Hveravíkur

Lokað hefur verið fyrir umsagnir auglýsingar á tillögu vegna breytingar á aðal- og deiliskipulags í landi Hveravíkur í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar.

Alls bárust tvær umsagnir.

Umsagnir lagðar fram til kynningar.
Málinu frestað til næsta fundar.
Borið upp og samþykkt.

10. Eftirlitsskýrsla um móttöku og meðhöndlun úrgangs í Drangsneshöfn

Dagana 15. júní og 28. nóvember fór fram reglubundið eftirlit ummóttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í Drangsneshöfn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og framleifum frá skipum og reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Engin frávik komu fram sem falla undir umfang eftirlitsins og gerir Umhverfisstofnun því engar athugasemdir.

Eftirlitsskýrsla lögð fram til kynningar.

11. Fulltrúar Kaldrananeshrepps í landshlutanefnd um málefni Stranda

Í byrjun nóvember þessa árs sendu sveitarstjórnir á Ströndum erindi til forsætisráðherra og óskaði eftir því að ríkisstjórn skipi landshlutanefnd um aðgerðir á Ströndum sem lúti að fjárfestingum, verkefnum stofnana og búsetuskilyrði á Ströndum.

Í kjölfarið barst beiðni frá Stjórnarráði Íslands um tilnefningar í landshlutanefnd um

málefni Stranda frá Kaldrananeshreppi.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Finn Ólafsson, oddvita og Hildi Aradóttur, varaoddvita.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

12. Úttekt á brunaviðvörðunarkerfi Grunnskóla Drangsness

Þann 2. nóvember síðast liðinn var gerð úttekt vegna brunaviðvörðunarkerfis Grunnskóla Drangsness. Stuðst var við leiðbeiningar nr. 6.038 um sjálfvirka brunaviðvörðun frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Úttektin greinir frá því að kerfið var allt yfirfarið og boðsendingar til stjórnstöðvar prófaðar. Í skýrslunni kemur fram að það vanti reykskynjara og að brunahandboða vantar við brunastöðina.

Úttekt lögð fram til kynningar.

Slökkviliðsstjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

13. Frístundastyrkur vegna frístunda barna

Sveitarstjórn hefur ákveðið að veita íbúum sveitarfélagsins 16 ára og yngri árlegan frístundastyrk. Tilgangurinn með styrknum er að gera börnum kleift að iðka frístundir og efla þar með andlega, félagslega og líkamslega heilsu þeirra.

Styrkur er veittur fyrir öllu almennu frístundastarfi, svo sem íþróttastarfi, menningarstarfi og annars konar uppbyggjandi starfi.

Upphæð frístundastyrks er 25.000kr.-

Finnur og Halldór Logi sitja hjá.

Þjónustufulltrúa falið að upplýsa íbúa.

Borið upp og samþykkt.

14. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023-2024

Matvælaráðherra hefur, samkvæmt reglugerð nr. 849/2023 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríði 2023 - 2024 úthlutað sveitarfélaginu 1.6% af heildarúthlutun.

Halldór Logi, Hildur og Ísabella víkja af fundi vegna vanhæfis.

Úthlutun byggðakvóta lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá fyrra ári.

Oddvita falið að senda rökstuðning þess efnis inn til ráðuneytis.

Borið upp og samþykkt.

Halldór Logi, Hildur og Ísabella mæta aftur á fund.

15. Styrktarbeiðni Bryggjuhátíðar á Drangnesi 2024

Styrktarbeiðni barst frá stjórn Bryggjuhátíðar á Drangnesi 2024 en hátíðin verður haldin hátíðlega á nú eftir nokkurra ára dvalar. Síðast var Bryggjuhátíðin haldin sumarið 2017 og mættu um 1.000 manns.

Hildur og Ísabella víkja af fundi.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.
Ákveðið er að styrkja hátíðina upp á 100.000kr.-
Borið upp og samþykkt.

Hildur og Ísabella mæta aftur á fund.

16. Viðhald Sundlaugarinnar á Drangnesi

Oddviti gerir grein fyrir þörf á viðhaldi Sundlaugarinnar á Drangnesi. Sveitarstjórn felur oddvita ásamt forstöðumanni sundlaugarinnar að fara í viðhaldsaðgerðir.

Borið upp og samþykkt.

17. Erindi BsVest

Byggðasamlag Vestfjarða óskar eftir því að sveitar- og bæjastjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest samþykki að uppgjör byggðasamlagsins verði miðað við komandi áramót í kjölfar auglýsingar Stjórnarráðsins um staðfestingu samnings um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Erindi BsVest lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að verða við beiðni BsVest.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

18. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í stýrihóp barnameningarhátíðarinnar Púkinn 2024

Óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur tilnefni fulltrúa í stýrihóp barnameningarhátíðarinnar Púkinn 2024. Fulltrúum ungmennaráða er einnig boðin þátttaka og ef ekki eru ungmennaráð mega sveitarfélög senda einn fulltrúa barna hver.

Þjónustufulltrúa falið að senda tilnefningar sveitarfélagsins.
Borið upp og samþykkt.

19. Beiðni Svæðisskipulagsnefndar Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar eftir framlagi til vinnu að gerð svæðisskipulags Vestfjarða.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að verða við beiðni Svæðisskipulagsnefndar Vestfirðinga.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

20. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu

Erindi barst frá Sorpsamlagi Strandasýslu sem hefur fest kaup á pappapressu. Kaupin teljast mikilvæg en pressan einfaldar allan flutning á pappa suður og farið verður með 5-6 sinnum meira magn í hverri ferð.

Kostnaður er um 2 milljónir króna fyrir Kaldrananeshrepp í sinn hlut.

Erindi lagt fram til kynningar.

Málinu er frestað til næsta fundar.

Borið upp og samþykkt.

21. Stafræn húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2024

Í október síðastliðinn hóf Húsnæðis- og mannvirkjastofnun samstarf með sveitarfélögunum um endurskoðun og uppfærslu stafrænna húsnæðisáætlana.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin ljúki sinni áætlanagerð fyrir 20. janúar nk.

Erindi lagt fram til kynningar.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

22. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi frá sér minnisblað til sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026 í ágúst sl. Minnisblaðið byggði að verulega leyti á spá Hagstofu Íslands um efnahagsþróun til næstu ára.

Útbjó sambandið því nýtt minnisblað til sveitarfélaga til þess að yfirfara þróun efnahagsmála.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

23. Styrktarbeiðni Sjálfstrausts.is

Hreppnum barst styrktarbeiðni frá Sjálfstraust.is sem er hjálparsíða fyrir einstaklinga sem glíma við kvíða og þunglyndi.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

24. Beiðni Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2024

Kaldrananeshreppi barst beiðni frá Kvennaathvarfinu sem er neyðarhvarf fyrir fjölbreyttan hóp kvenna sem opið er allan sólarhringinn. Stöðug aðsókn hefur verið bæði í dvalar- og viðtalsþjónustu athvarfsins og hefur viðtalshlutinn farið ört vaxandi undanfarin ár.

Því óskar Kvennaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið að fjárhæð 200.000kr.-

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðni Kvennaathvarfsins.

Borið upp og samþykkt.

25. Styrktarbeiðni Fjölskylduhjálpar Íslands

Hreppnum barst styrktarbeiðni frá Fjölskylduhjálpar Íslands með frjálsu framlagi sem verður varið til kaupa á matvælum svo samtökin geti veitt nauðsynlega aðstoð til skjólstæðinga sinna.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

26. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Tillaga:

- i. Gjaldskrá Drangnesvatnsveitu:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3% ásamt því að hámarksgjald verði 31.000kr.- og lágmarksgjald hækki í 20.600kr.-
- ii. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3% ásamt því að hámarksgjald verði 31.000kr.- og lágmarksgjald hækki í 20.600kr.-
- iii. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3%.
- iv. Gjaldskrárhækkun Hitaveitu Drangness:
Sveitarstjórn ákveður að vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns

hækki um 3%, notendagjöld hækki um 3% og eingreiðslugjöld hækki um 3%.

- v. Gjaldskrá Drangsneshafnar:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3%.
- vi. Gjaldskrá vegna skipulags og byggingargjalda:
Oddviti leggur fram tillögu um að gjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa verði í samræmi við gjaldskrár þeirra sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Stranda- Dala- og Reykhóla. Tillagan borin upp og samþykkt.
- vii. Ýmsar gjaldskrár og þjónustugjöld sem innheimt eru af Kaldrananeshreppi.
Oddviti leggur til að þjónustugjöld hækki um 3%.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 14:20